

25. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 15 25. jan. 1934, um stofnun sildarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1934).

1. gr.

3. gr. í lögum nr. 15 25. jan. 1934, skal orða svo:

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, annaðhvort í krónum eða sterlingspundum, allt að 1 milljón króna eða 45000 sterlingspundum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, visast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um breyting á lögum nr. 15 25. jan. 1934, um stofnun sildarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Forsætisráðherra Vor hefir tjáð Oss, að til að geta framkvæmt lög um sildarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi, verði ekki hjá því komizt að bæta við heimild þá, er veitt er í 3. gr. laganna um lántöku allt að 1 milljón króna, ótvíræðu ákvæði um upphæð lánsins í erlendri mynt. Því að öðrum kosti sé ekki hægt að fá féð erlendis, en til þess var ætlazt, er lögín voru samþykkt.

Með því að svo er ástatt, sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

Fyrir því hjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

3. gr. í lögum nr. 15 25. jan. 1934, skal orða svo:

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, annaðhvort í krónum eða sterlingspundum, allt að 1 milljón króna eða 45000 sterlingspundum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 10. apríl 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.